



# Niðurstöður

# Barna og Ungmennáþings Reykjanesbæjar

# 2023





# KRAFTUR

*Er það sem einkennir börn og ungmenni  
Reykjanesbæjar!*

# HREINSKILNI

*Tölum um hlutina eins og þeir eru með það að  
leiðarljósi að gefa börnum og ungmennum  
raunverulega mynd af hvernig hlutirnir virka*

# VÍÐSÝNI

*Stundum þarf að hugsa hlutina upp á nýtt og  
prófa eitthvað annað!*





# FRAMKVÆMD ÞINGSINS

*Þingið var skipulagt, keyrt áfram og framkvæmt af ungmennum úr ungmennaráði Reykjanesbæjar.*

*Á þinginu voru 153 þátttakendur á aldrinum 13 - 18 ára*

*Starfsfólk RNB kom með stutta yfirferð á hverjum málaflokk áður en umræður hófust*

*Starfsfólk Fjörheima var ungmennaráði innan handar ef þess þurfti*

*Alls bárust 1400 ábendingar/tillögur rafrænt í gegnum Menti og um 300 skriflegar frá þátttakendum þingsins*

*Umsjónarmaður fór yfir öll gögn, skrifaði niður og flokkaði hverja tillögu/ábendingu í Excel skjal sem ráðið síðan vann úr og flokkaði eftir mikilvægi út frá umræðum þátttakenda á þinginu*





# LYKILÁHERSLUR BARNNA OG UNGMENNA

Unnar úr niðurstöðum barna og ungmennapings 2023



## Íþróttir

- Bætum **aðstöðuna** okkar til að æfa íþróttina okkar, byrjum á fótboltanum í Njarðvík og Fimleikadeild Keflavíkur
- Hækkum **styrki** til íþróttafélaga og sköpum faglegri umgjörð í kringum iðkendur
- Bætt óformleg **aðstaða** til íþróttaiðkunar fyrir alla íbúa

## Menntun

- Það þarf að leggja miklu meiri **kraft** í nemendaráð grunnskólanna! Við viljum að öll hafi sömu tækifæri óháð því í hvaða skóla þau eru
- Við viljum **markvissa** og stöðuga **fræðslu** um málefni sem skipta okkur máli.
- Meira **samstarf** milli **grunnskóla** í Reykjanesbæ

## Menning

- Reykjanesbær þarf að setja meiri **kraft** í **hátíðir** og hvetja til meiri **hverfasamstarfs**
- Reykjanesbær þarf að **skreyta oft**ar í tengslum við fleiri hátíðir og á fleiri stöðum í bænum
- Fjárfesta þarf í betri **almenningssalernum** í bænum - sérstaklega í tengslum við bæjarhátíðir



## Tómstundir og frítíminn

- Nýtum **sumarið** betur og verum með **fjölbreytta** viðburði í hverfunum okkar fyrir ungmenni
- Fjölum **félagsmiðstöðum** í Reykjanesbæ - það er löngu orðið tímabært
- Styðjum betur við þau **ungmenni** sem vilja gera flotta hluti fyrir Reykjanesbæ

## Umhverfið og samgöngur

- „Það er **sóðalegt** í Reykjanesbæ” - Einbeitum okkur í að **fegra ásýnd** bæjarins og höldum honum **snyrtilegum**
- Eflum **almennings-samgöngur** fyrir alla íbúa - **Strætó** þarf að ganga **lengur - oft**ar og á öllum dögum
- Gróðursetjum fleiri **tré** í Reykjanesbæ - sáum fræjum til framtíðar og búum okkur til smá skjól

## Lýðheilsa

- Fáum til starfa **félagsráðgjafa** í alla grunnskóla sem við getum leitað til hvenær sem er með allskonar mál
- Hvetjum alla íbúa til að tala opinskátt um **andlega heilsu** og eflum **íbúa** til að vera með fjölbreytt verkefni sem bætir lýðheilsu allra
- **Foreldrar** okkar eiga að fá sömu **fræðslur** og við fáum, til að við getum spjallað um þær **heima**.

# Íþróttir

## Lykilaðgerðir

- Bætum aðstöðuna okkar til að æfa íþróttina okkar, byrjum á fótboltaum í Njarðvík og Fimleikadeild Keflavíkur
- Hækkum styrki til íþróttafélaga og sköpum faglegri umgjörð í kringum iðkendur
- Bætt óformleg aðstaða til íþróttaiðkunar fyrir alla íbúa

## Aðrar aðgerðir sem ungmenni leggja til

- Hvetja til stofnunar handboltafélags í Reykjanesbæ
- Fá betra gervigras og lýsingu í Nettó Höllina
- Betri lýsing á spark og körfuboltavöllum í Reykjanesbæ
- Mættu vera sparkvellir með stærri mörkum og herra grindverki fyrir eldri iðkendur
- Strætó ætti að ganga út á Hólmsvöll fyrir golfiðkendur í Reykjanesbæ
- Stækka eða bæta við öðru knattúsi fyrir fótboltaíðkendur í Reykjanesbæ
- Auglýsa íþróttir betur í grunnskólum Reykjanesbæjar
- Óformleg íþróttastaða á Ásbrú er ekki nægilega góð miðað við önnur hverfi
- Betri félagsaðstöðu fyrir hestamannafélagið Mána
- Bæta við tennisvelli í Reykjanesbæ
- Auglýsum hvatagreiðslur betur til ungmenna á aldrinum 13-18 ára
- Hvetja til stofnunar bogfímifélags í Reykjanesbæ
- Auglýsa Frístundir.is betur til barna og ungmenna



# Tómstundir

## Lykilaðgerðir

- Nýtum sumarið betur og verum með fjölbreytta viðburði í hverfunum okkar fyrir ungmenni
- Styrkjum betur við þau ungmenni sem vilja gera flotta hluti fyrir Reykjanesbæ
- Fjölum félagsmiðstöðum í Reykjanesbæ - það er löngu orðið tímabært

## Aðrar aðgerðir sem ungmenni leggja til

- Mikilvægt að félagsmiðstöðvar hafi sér húsnæði við eða í skóla í framtíðinni en eru samt mjög nálægt skólanum
- Lengja opnunartíma í Fjörheimum
- Hvetja börn til að vera í virkni og grípa börnin sem eru ekki í virkni betur
- Mikilvægt að hafa eina stóra félagsmiðstöð eins og Fjörheima í framtíðinni svo að börn kynnist börnum úr öðrum skólum og til að vera með starf sem virkar kannski ekki í einum skóla
- Auglýsa tómstundir betur í skólum og á samfélagsmiðlum
- Fá sjálfsala í stofnanir Reykjanesbæjar
- Virðum útivistartíma betur
- Bæta við dagopnunum í Fjörheimum



# Menntun

## Lykilaðgerðir

- Það þarf að leggja miklu meiri kraft í nemendaráð grunnskólanna!  
Við viljum að öll hafi sömu tækifæri óháð því í hvaða skóla þau eru
- Við viljum markvissa og stöðuga fræðslu um málefni sem skipta okkur máli
- Meira samstarf milli grunnskóla í Reykjanesbæ

## Aðrar aðgerðir sem ungmenni leggja til

- Sundkennsla ætti að vera valfrjáls í 9. og 10. bekk
- Það má fræða börn fyrr um mikilvæg málefni
- Skólinn má byrja seinna fyrir nemendur unglíngastígs
- Betri aðstaða fyrir nemendur Myllubakkaskóla
- Bæta þarf aðstöðu fyrir unglíngastig í öllum grunnskólum
- Samræma þarf námsefni í grunnskólum Reykjanesbæjar
- Skólar ættu að gróðursetja meira í kringum sig - nemendur gætu aðstoðað og lært meira um gróðursetningu og mikilvægi þess að hugsa vel um umhverfið
- Skólalóðir ættu að vera samræmdar milli skóla, passa þarf að þær séu svipað stórar og með svipaða aðstöðu
- Kenna ætti frekar norsku eða sænsku í staðinn fyrir dönsku
- Auka þarf aðgengi að skólahjúkrunarfræðingum og auglýsa það betur
- Byggja ætti félagsmiðstöðvar í skólana sem verið er að byggja upp á nýtt
- Meira samráð við nemendur þegar verið er að gera endurbætur á lóð eða húsnæði skólanna



## Börnin mikilvægust

Öll börn hafa rétt til einkalífs, frjálsrar hugsunar og tjáningar. Því er mikilvægt að skapa umhverfi sem einkennist af trausti og virðingu svo hvert og eitt hafi svigrúm til að taka virkan þátt, vera það sjálft og tjá sig frjálstlega um málefni sem hafa áhrif á líf þeirra. Allar ákvarðanir sem varða börn og ungmenni eiga að vera teknar með hagsmuni þeirra að leiðarljósi.



# Umhverfi og samgöngur

## Lykilaðgerðir

- Það er sóðalegt í Reykjanesbæ - Einbeitum okkur í að fegra ásýnd bæjarins og höldum honum snyrtilegum
- Eflum almenningsamgöngur fyrir alla íbúa - Strætó þarf að ganga lengur - oftár og á öllum dögum
- Gróðursetjum fleiri tré í Reykjanesbæ - sáum fræjum til framtíðar og búum okkur til smá skjól

## Aðrar aðgerðir sem ungmenni leggja til

- Fjölgu ruslatunnum við fjölfarnar leiðir og bætum við flokkunartunnum við stórar stofnanir og leiksvæði
- Bæta þarf lýsingu í ungmennagarðinum og á Öllavelli
- Strætisvagnarnir eru illa farnir og þarf að endurnýja
- Hafnargatan er drungaleg, mætti fegra hana og gera hana gönguvænni
- Fleiri þjónustu í hverfunum, passa að skipulag gerir ráð fyrir þjónustu, veitingastöðum og öðru í nærumhverfinu líka
- Bæta snjómokstur fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur
- Minnka pláss fyrir bíla og gera meira pláss fyrir fólk í staðinn
- Hafa gangstéttir meðfram stofnæðum breiðar og betri fyrir bæði hjólandi og gangandi
- Bæta samráð við notendur í samgöngum og skipulagsmálum
- Bæta lýsingu á göngustígum við sjóinn og á göngustígum í bænum.






# Menning

## Lykilaðgerðir

- Reykjanesbær þarf að setja meiri kraft í hátíðir og hvetja til meiri hverfasamstarfs
- Reykjanesbær þarf að skreyta oftari tengslum við fleiri hátíðir og á fleiri stöðum í bænum
- Fjárfesta þarf í betri almenningssalernum í bænum - sérstaklega í tengslum við bæjarhátíðir.

## Aðrar aðgerðir sem ungmenni leggja til

- Ungmenni og börn mættu koma meira að skipulagningu viðburða og hátíða Reykjanesbæjar
- Setjum egginn okkar í fleiri körfur og höldum fleiri minni viðburði yfir árið
- Miðarnir í tækin á ljósanótt eru of dýrir
- Mætti auglýsa betur viðburði fyrir börn og ungmenni
- Höldum risa íþróttamót í tengslum við Ljósanótt
- Það vantar fleiri viðburði fyrir ungmenni á Baun
- Hvetja mætti til að fá fleiri veitingastaði og afþreyingarstaði á fleiri stöðum í Reykjanesbæ
- Vera með söfn/sýningu sem höfðar til ungmenna
- Fleiri afþreyingu fyrir ungmenni á hátíðum bæjarins
- Mikil drykkjumenning ungmenna og fullorðinna á Ljósanótt, mætti reyna að sporna við þessu með einhverjum hætti



Barna- og ungmennahátíð  
í Reykjanesbæ

# Lýðheilsa

## Lykilaðgerðir

- Fáum til starfa félagsráðgjafa í alla grunnskóla sem við getum leitað til hvenær sem er með allskonar mál.
- Hvetjum alla íbúa til að tala opinskátt um andlega heilsu og eflum íbúa til að vera með fjölbreytt verkefni sem bætir lýðheilsu allra.
- foreldrar okkar eiga að fá sömu fræðslu og við fáum til að við getum spjallað um þær við þau heima líka.

## Aðrar aðgerðir sem ungmenni leggja til

- Fræða meira um áhrif símanotkunar
- Hafa meira áberandi hvert er hægt að leita til að fá aðstoð
- Að takmarka símanotkun nemenda í grunnskólum Reykjanesbæjar - sérstaklega á mið- og yngsta stigi
- Fá meiri fræðslu um lýðheilsu og hvernig hægt er að efla hana
- Hvetja sálfræðinga til að koma til Suðurnesja
- Að starfsmenn Reykjanesbæjar hafi aðgang að sálfræðipjónustu í erfiðum málum

